

REGLUGERÐ

um umbreytingartímabil sem tengjast kröfum um eiginfjárgrunn að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila samkvæmt reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012.

1. gr.

Innleiðing.

Ákvæði eftirtalinnna reglugerða skulu gilda hér á landi með þeim aðlögunum sem leiðir af bókun 1 um altæka aðlögun við EES-samninginn, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest:

1. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 591/2014 frá 3. júní 2014 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012, sem er birt á bls. 63 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 38 frá 16. júní 2022, sem var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2019 frá 29. mars 2019.
2. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1317/2014 frá 11. desember 2014 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012, sem er birt á bls. 65 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 38 frá 16. júní 2022, sem var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2019 frá 29. mars 2019.
3. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/880 frá 4. júní 2015 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012, sem er birt á bls. 384 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 50 frá 23. júlí 2020, sem var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2019 frá 29. mars 2019.
4. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2326 frá 11. desember 2015 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012, sem er birt á bls. 386 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 50 frá 23. júlí 2020, sem var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2019 frá 29. mars 2019.
5. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/892 frá 7. júní 2016 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012, sem er birt á bls. 67 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 38 frá 16. júní 2022, sem var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2019 frá 29. mars 2019.
6. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2227 frá 9. desember 2016 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum um eiginfjárgrunn að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012, sem er birt í fylgiskjali 1, sem var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2019 frá 29. mars 2019.
7. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/954 frá 6. júní 2017 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012, sem er birt á bls. 69 í EES-viðbæti við

Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 38 frá 16. júní 2022, sem var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2019 frá 29. mars 2019.

8. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2241 frá 6. desember 2017 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum um eiginfjárgrunn að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012, sem er birt í fylgiskjali 2, sem var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2020 frá 30. apríl 2020.
9. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/815 frá 1. júní 2018 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum um eiginfjárgrunn að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012, sem er birt í fylgiskjali 3, sem var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2020 frá 30. apríl 2020.
10. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1889 frá 4. desember 2018 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum um eiginfjárgrunn að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012, sem er birt í fylgiskjali 4, sem var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2020 frá 30. apríl 2020.
11. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1043 frá 24. júní 2021 um framlengingu umbreytingarákvæðanna sem tengjast kröfum um eiginfjárgrunn að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013, sem er birt í fylgiskjali 5, sem var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 141/2022 frá 29. apríl 2022.

2. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 12. tölul. 2. mgr. 117. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, öðlast þegar gildi. Um leið fellur úr gildi reglugerð um varfæriskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja, nr. 233/2017, með síðari breytingum.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 1. júlí 2022.

F. h. r.

Guðrún Þorleifsdóttir.

Gunnlaugur Helgason.

Fylgiskjal 1.**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/2227**

frá 9. desember 2016

um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum um eiginfjárgrunn að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfæmiskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 497. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til að komast hjá röskun á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og koma í veg fyrir að stofnunum sé refsað með því að gera strangari kröfur til þeirra um eiginfjárgrunn á meðan starfsleyfi og viðurkenning á starfandi miðlægum mótaðilum er í ferli, er með 1. og 2. mgr. 497. gr. reglugerðar (EB) nr. 575/2013 komið á umbreytingartímabili þar sem allir miðlægir mótaðilar, sem stofnanir með staðfestu í Sambandinu stöðustofna viðskipti hjá, geta talist fullgildir, miðlægir mótaðilar.
- 2) Með reglugerð (ESB) nr. 575/2013 er reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 ⁽²⁾ breytt að því er varðar ákveðin ílagsgögn við útreikning á kröfum stofnana um eiginfjárgrunn að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila. Til samræmis við það er í 5. mgr. a 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 gerð krafa um að ákveðnir miðlægir mótaðilar tilkynni, í takmarkaðan tíma, um þá heildarfjárhæð upphafstrygginga sem þeir hafa fengið frá stöðustofnunaraðilum sínum. Þetta umbreytingartímabil endurspeglar umbreytingartímabilið sem mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr. 497. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
- 3) Báðum umbreytingartímabilunum átti að ljúka 15. júní 2014.
- 4) Ákvæði 3. mgr. 497. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 veitir framkvæmdastjórninni umboð til að samþykka framkvæmdargerð til að framlengja umbreytingartímabilið fyrir kröfur um eiginfjárgrunn um sex mánuði í undantekningartilvikum. Sú framlenging ætti einnig að gilda að því er varðar tímamörkin sem mælt er fyrir um í 5. mgr. a 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012. Þessi umbreytingartímabil hafa verið framlengd til 15. desember 2016 með framkvæmdarreglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 591/2014 ⁽³⁾, (ESB) 1317/2014 ⁽⁴⁾, (ESB) 2015/880 ⁽⁵⁾, (ESB) 2015/2326 ⁽⁶⁾ og (ESB) 2016/892 ⁽⁷⁾.
- 5) Leyfisferlinu fyrir starfandi miðlæga mótaðila með staðfestu í Sambandinu er lokið svo ekki er þörf fyrir frekari framlengingu umbreytingartímabila fyrir þessa miðlægu mótaðila.
- 6) Af þeim miðlægu mótaðilum með staðfestu í þriðju löndum sem hafa sótt um viðurkenningu fram til þessa hafa 21 miðlægir mótaðilar nú þegar fengið viðurkenningu Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar. Þar af hafa þrjú miðlægir mótaðilar frá Bandaríkjunum fengið viðurkenningu eftir að framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/892 var samþykkt. Enn fremur geta fleiri miðlægir mótaðilar frá Bandaríkjunum fengið viðurkenningu á grundvelli framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2016/377 ⁽⁸⁾. Aftur á móti eru þeir miðlægu mótaðilar þriðju landa sem eftir standa enn að bíða eftir viðurkenningu og verður viðurkenningarferlinu ekki lokið fyrir 15. desember 2016. Ef umbreytingartímabilið er ekki lengt þyrftu stofnanir með staðfestu í Sambandinu (eða dótturfélög þeirra með staðfestu utan Sambandsins) sem hafa áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila þriðju landa sem eftir standa að auka verulega eiginfjárgrunn sinn vegna þessara áhættuskuldbindinga. Þótt slíkar aukningar kynnu einungis að vera tímabundnar gætu þær leitt til brotthvarfs þessara stofnana sem beinna þátttakenda í þessum miðlægu mótaðilum eða stöðvunar á veitingu stöðustofnunarþjónustu til viðskiptavina þessara stofnana, í það minnsta tímabundið, og þar með valdið mikilli röskun á þeim mörkuðum þar sem þessir miðlægu mótaðilar starfa.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 176, 27.6. 2013, bls. 1.⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjtið. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1).⁽³⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 591/2014 frá 3. júní 2014 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 165, 4.6.2014, bls. 31).⁽⁴⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1317/2014 frá 11. desember 2014 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 355, 12.12.2014, bls. 6).⁽⁵⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/880 frá 4. júní 2015 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 143, 9.6.2015, bls. 7).⁽⁶⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2326 frá 11. desember 2015 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 328, 12.12.2015, bls. 108).⁽⁷⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/892 frá 7. júní 2016 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 151, 8.6.2016, bls. 4).⁽⁸⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/377 frá 15. mars 2016 um jafngildi milli regluramma Bandaríkja Ameríku um miðlæga mótaðila sem hafa hlotið starfsleyfi frá og eru undir eftirliti Commodity Futures Trading Commission og krafanna í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 70, 16.3.2016, bls. 32).

- (7) Nauðsyn þess að forðast röskun á mörkuðum utan Sambandsins sem áður leiddi til framlengingar á umbreytingartímabilinu sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 497. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 yrði því áfram fyrir hendi eftir að framlenging umbreytingartímabilsins sem um getur í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/892 rennur út. Frekari framlenging á umbreytingartímabilinu ætti að gera stofnunum með staðfestu í Sambandinu (eða dótturfélögum þeirra með staðfestu utan Sambandsins) kleift að komast hjá verulegri aukningu á kröfum um eiginfjárgrunn sökum þess að ekki er lokið viðurkenningarferli miðlægra mótaðila sem veita, á raunhæfan og aðgengilegan máta, þá tilteknu tegund stöðustofnunarþjónustu sem stofnanir með staðfestu innan Sambandsins (eða dótturfélög þeirra utan Sambandsins) þarfnast. Því er viðeigandi að lengja umbreytingartímabilið um sex mánuði í viðbót.
- (8) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit evrópsku bankanefndarinnar, SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Þau 15 mánaða tímabil sem um getur í 2. mgr. 497. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og annarri undirgrein 5. mgr. a 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, eftir því sem við á, sem síðast voru framlengd skv. 1. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 2016/892, eru framlengd um sex mánuði til viðbótar til 15. júní 2017.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. desember 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

Fylgiskjal 2.**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/2241**

frá 6. desember 2017

um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum um eiginfjárgrunn að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfæmiskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 497. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til að komast hjá röskun á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og koma í veg fyrir að stofnunum sé refsað með því að gera strangari kröfur til þeirra um eiginfjárgrunn á meðan viðurkenning á starfandi miðlægum mótaðilum þriðju landa er í ferli, er með 2. mgr. 497. gr. reglugerðar (EB) nr. 575/2013 komið á umbreytingartímabili þar sem miðlægir mótaðilar þriðju landa, sem stofnanir með staðfestu í Sambandinu stöðustofna viðskipti hjá, geta talist fullgildir, miðlægir mótaðilar.
- 2) Með reglugerð (ESB) nr. 575/2013 er reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 ⁽²⁾ breytt að því er varðar ákveðin ílagsgögn við útreikning á kröfum stofnana vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila þriðja lands. Til samræmis við það er gerð krafa í 5. mgr. a í 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 um að ákveðnir miðlægir mótaðilar þriðju landa gefi, í takmarkaðan tíma, skýrslu um þá heildarfjárhæð upphafstryggingar sem þeir hafa mótttekið frá stöðustofnunaraðilum sínum. Það umbreytingartímabil endurspeglar umbreytingartímabilið sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 497. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
- 3) Báðum umbreytingartímabilunum átti að ljúka 15. júní 2014.
- 4) Ákvæði 3. mgr. 497. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 veitir framkvæmdastjórninni umboð til að samþykka framkvæmdargerð til að framlengja umbreytingartímabilið fyrir kröfur um eiginfjárgrunn um sex mánuði í undantekningartilvikum. Sú framlenging ætti einnig að gilda að því er varðar tímamörkin sem mælt er fyrir um í 5. mgr. a 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012. Þessi umbreytingartímabil voru síðast framlengd til 15. desember 2017 með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/954 ⁽³⁾.
- 5) Af þeim miðlægum mótaðilum með staðfestu í þriðju löndum sem hafa sótt um viðurkenningu í samræmi við 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 hafa 29 miðlægir mótaðilar nú fengið viðurkenningu Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar. Af þeim hefur einn miðlægur mótaðili frá Nýja-Sjálandi fengið viðurkenningu á grundvelli framkvæmdar-ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2274 ⁽⁴⁾. Þar að auki gætu þrír miðlægir mótaðilar frá Indlandi fengið viðurkenningu á grundvelli framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2016/2269 ⁽⁵⁾. Þeir miðlægum mótaðilar þriðju landa sem eftir standa bíða enn eftir viðurkenningu og verður viðurkenningarferlinu ekki lokið 15. desember 2017. Ef umbreytingartímabilið er ekki lengt þyrftu stofnanir með staðfestu í Sambandinu (eða dótturfélög þeirra með staðfestu utan Sambandsins) sem hafa áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila þriðju landa sem eftir standa að auka verulega eiginfjárgrunn sinn vegna þessara áhættuskuldbindinga, sem gæti leitt til brotthvarfs þessara stofnana sem beinna þátttakenda í miðlægum mótaðilunum eða stöðvunar á veitingu stöðustofnunarþjónustu til viðskiptavina þessara stofnana, í það minnsta tímabundið, og þar með valdið alvarlegri röskun á þeim mörkuðum þar sem þeir miðlægum mótaðila starfa.
- 6) Nauðsyn þess að forðast röskun á mörkuðum utan Sambandsins sem leiddi til fyrri framlenginga á umbreytingartímabilinu, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 497. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, yrði því áfram fyrir hendi eftir að framlenging umbreytingartímabilsins sem um getur í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/954 rennur út. Frekari framlenging á umbreytingartímabilinu ætti að gera stofnunum með staðfestu í Sambandinu (eða dótturfélögum þeirra með staðfestu utan Sambandsins) kleift að komast hjá verulegri aukningu á kröfum vegna eiginfjárgrunns sökum þess að ekki er lokið við viðurkenningarferli miðlægra mótaðila sem veita, á raunhæfan og aðgengilegan máta, þá tilteknu tegund stöðustofnunarþjónustu sem stofnanir með staðfestu innan Sambandsins (eða dótturfélög þeirra utan Sambandsins) þarfnast. Því þykir rétt að framlengja umbreytingartímabilið um sex mánuði til viðbótar.
- 7) Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit evrópsku bankanefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1.⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjtið. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1).⁽³⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/954 frá 6. júní 2017 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 144, 7.6.2017, bls. 14).⁽⁴⁾ Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/2274 frá 15. desember 2016 um jafngildi milli regluramma um miðlæga mótaðila á Nýja-Sjálandi í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 342, 16.12.2016, bls. 54).⁽⁵⁾ Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2269 frá 15. desember 2016 um jafngildi milli regluramma um miðlæga mótaðila á Indlandi í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 342, 16.12.2016, bls. 38).

1. gr.

Þau 15 mánaða tímabil sem um getur í 2. mgr. 497. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og annarri undirgrein 5. mgr. a 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, sem síðast voru framlengd með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/954, eru framlengd um sex mánuði til viðbótar til 15. júní 2018.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. desember 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

Fylgiskjal 3.**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/815**

frá 1. júní 2018

um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum um eiginfjárgrunn að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfæmiskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 497. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til að komast hjá röskun á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og koma í veg fyrir að stofnunum sé refsað með því að gera strangari kröfur til þeirra um eiginfjárgrunn á meðan viðurkenning á starfandi miðlægum mótaðilum þriðju landa er í ferli, er með 2. mgr. 497. gr. reglugerðar (EB) nr. 575/2013 komið á umbreytingartímabili þar sem miðlægir mótaðilar þriðju landa, sem stofnanir með staðfestu í Sambandinu stöðustofna viðskipti hjá, geta talist fullgildir, miðlægir mótaðilar.
- 2) Með reglugerð (ESB) nr. 575/2013 er reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 ⁽²⁾ breytt að því er varðar ákveðin ilagsgögn við útreikning á kröfum stofnana um eiginfjárgrunn að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila þriðja lands. Til samræmis við það er gerð krafa í 5. mgr. a í 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 um að ákveðnir miðlægir mótaðilar þriðju landa gefi, í takmarkaðan tíma, skýrslu um þá heildarfjárhæð upphafstryggingar sem þeir hafa mótttekið frá stöðustofnunaraðilum sínum. Það umbreytingartímabil endurspeglar umbreytingartímabilið sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 497. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
- 3) Báðum umbreytingartímabilunum átti að ljúka 15. júní 2014.
- 4) Ákvæði 3. mgr. 497. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 veitir framkvæmdastjórninni umboð til að samþykka framkvæmdargerð til að framlengja umbreytingartímabilið fyrir kröfur um eiginfjárgrunn um sex mánuði í undantekningartilvikum. Sú framlenging ætti einnig að gilda að því er varðar tímamörkin sem mælt er fyrir um í 5. mgr. a 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012. Þessi umbreytingartímabil voru síðast framlengd til 15. júní 2018 með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2241 ⁽³⁾.
- 5) Af þeim miðlægu mótaðilum með staðfestu í þriðju löndum sem hafa sótt um viðurkenningu í samræmi við 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, hafa 32 miðlægir mótaðilar nú fengið viðurkenningu Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar. Þeir miðlægu mótaðilar þriðju landa sem eftir standa bíða enn eftir viðurkenningu og verður viðurkenningarferlinu ekki lokið 15. júní 2018. Ef umbreytingartímabilið er ekki lengt, þyrftu stofnanir með staðfestu í Sambandinu (eða dótturfélög þeirra með staðfestu utan Sambandsins), sem hafa áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila þriðju landa sem eftir standa, að auka verulega eiginfjárgrunn sinn vegna þessara áhættuskuldbindinga, sem gæti leitt til brotthvarfs þessara stofnana sem beinna þátttakenda í miðlægu mótaðilunum eða stöðvunar á veitingu stöðustofnunarþjónustu til viðskiptavina þessara stofnana, í það minnsta tímabundið, og þar með valdið röskun á þeim mörkuðum þar sem þeir miðlægu mótaðilar starfa.
- 6) Nauðsyn þess að forðast röskun á mörkuðum utan Sambandsins sem leiddi til fyrri framlenginga á umbreytingartímabilinu, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 497. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, yrði því áfram fyrir hendi eftir að framlenging umbreytingartímabilsins sem um getur í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2241 rennur út. Frekari framlenging á umbreytingartímabilinu ætti að gera stofnunum með staðfestu í Sambandinu (eða dótturfélögum þeirra með staðfestu utan Sambandsins) kleift að komast hjá verulegri aukningu á kröfum um eiginfjárgrunn sökum þess að viðurkenningarferlinu er ekki lokið hvað varðar miðlæga mótaðila sem veita, á raunhæfan og aðgengilegan máta, þá tilteknu tegund stöðustofnunarþjónustu sem stofnanir með staðfestu innan Sambandsins (eða dótturfélög þeirra utan Sambandsins) þarfnast. Því þykir rétt að framlengja umbreytingartímabilið um sex mánuði í viðbót.
- 7) Reglugerð þessi ætti að öðlast gildi fyrir 16. júní 2018 til að tryggja að framlenging yfirstandandi umbreytingartímabils eigi sér stað áður en það fellur úr gildi. Síðari gildistaka gæti leitt til raskana fyrir miðlæga mótaðila, markaði sem þeir starfa á og stofnanir sem eru með áhættuskuldbindingar vegna þessara miðlægu mótaðila.
- 8) Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit evrópsku bankanefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 176, 27.6. 2013, bls. 1.⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjtið. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1).⁽³⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2241 frá 6. desember 2017 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 322, 7.12.2017, bls. 27).

1. gr.

Þau 15 mánaða tímabil sem um getur í 2. mgr. 497. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og annarri undirgrein 5. mgr. a 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, sem síðast voru framlengd með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2241, eru framlengd um sex mánuði til viðbótar til 15. desember 2018.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. júní 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

Fylgiskjal 4.**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1889**

frá 4. desember 2018

um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum um eiginfjárgrunn að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfæmiskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 497. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til að komast hjá röskun á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og koma í veg fyrir að stofnunum sé refsað með því að gera strangari kröfur til þeirra um eiginfjárgrunn á meðan viðurkenning á starfandi miðlægum mótaðilum þriðju landa er í ferli, er með 2. mgr. 497. gr. reglugerðar (EB) nr. 575/2013 komið á umbreytingartímabili þar sem miðlægir mótaðilar þriðju landa sem stofnanir með staðfestu í Sambandinu stöðustofna viðskipti hjá, geta talist fullgildir, miðlægir mótaðilar.
- 2) Með reglugerð (ESB) nr. 575/2013 er reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 ⁽²⁾ breytt að því er varðar ákveðin ilagsgögn við útreikning á kröfum stofnana um eiginfjárgrunn að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila þriðja lands. Til samræmis við það er gerð krafa í 5. mgr. a í 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 um að ákveðnir miðlægir mótaðilar þriðju landa gefi, í takmarkaðan tíma, skýrslu um þá heildarfjárhæð upphafstryggingar sem þeir hafa mótttekið frá stöðustofnunaraðilum sínum. Það umbreytingartímabil endurspeglar umbreytingartímabilið sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 497. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
- 3) Báðum umbreytingartímabilunum átti að ljúka 15. júní 2014.
- 4) Ákvæði 3. mgr. 497. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 veitir framkvæmdastjórninni umboð til að samþykka framkvæmdargerð til að framlengja umbreytingartímabilið fyrir kröfur um eiginfjárgrunn um sex mánuði í undantekningartilvikum. Sú framlenging ætti einnig að gilda að því er varðar tímamörkin sem mælt er fyrir um í 5. mgr. a 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012. Þessi umbreytingartímabil voru síðast framlengd til 15. desember 2018 með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/815 ⁽³⁾.
- 5) Af þeim miðlægum mótaðilum með staðfestu í þriðju löndum sem hafa sótt um viðurkenningu í samræmi við 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, hafa 32 miðlægir mótaðilar nú fengið viðurkenningu Evrópsku verðbréfamarkaðs-efirlitsstofnunarinnar. Þeir miðlægir mótaðilar þriðju landa sem eftir standa bíða enn eftir viðurkenningu og verður viðurkenningarferlinu ekki lokið fyrir 15. desember 2018. Ef umbreytingartímabilið er ekki lengt þyrftu stofnanir með staðfestu í Sambandinu (eða dótturfélög þeirra með staðfestu utan Sambandsins) sem hafa áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila þriðju landa sem eftir standa að auka verulega eiginfjárgrunn sinn vegna þessara áhættuskuldbindinga, sem gæti leitt til brotthvarfs þessara stofnana sem beinna þátttakenda í miðlægum mótaðilunum eða stöðvunar á veitingu stöðustofnunarþjónustu til viðskiptavina þessara stofnana, í það minnsta tímabundið, og þar með valdið mikilli röskun á þeim mörkuðum þar sem þeir miðlægum mótaðilar starfa.
- 6) Nauðsyn þess að forðast röskun á mörkuðum utan Sambandsins sem leiddi til fyrri framlenginga á umbreytingartímabilinu, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 497. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, yrði því áfram fyrir hendi eftir að framlenging umbreytingartímabilsins sem um getur í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/815 rennur út. Frekari framlenging á umbreytingartímabilinu ætti að gera stofnunum með staðfestu í Sambandinu (eða dótturfélögum þeirra með staðfestu utan Sambandsins) kleift að komast hjá verulegri aukningu á kröfum um eiginfjárgrunn sökum þess að ekki er lokið við viðurkenningarferli miðlægra mótaðila sem veita, á raunhæfan og aðgengilegan máta, þá tilteknu tegund stöðustofnunarþjónustu sem stofnanir með staðfestu innan Sambandsins (eða dótturfélög þeirra utan Sambandsins) þarfnast. Því þykir rétt að framlengja umbreytingartímabilið um sex mánuði í viðbót.
- 7) Reglugerð þessi ætti að öðlast gildi fyrir 16. desember 2018 til að tryggja að framlenging yfirstandandi umbreytingartímabils eigi sér stað áður en það fellur úr gildi. Síðari gildistaka gæti leitt til raskana fyrir miðlæga mótaðila, markaði sem þeir starfa á og stofnanir sem eru með áhættuskuldbindingar vegna þessara miðlægu mótaðila.
- 8) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit evrópsku bankanefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1.⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjtið. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1).⁽³⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/815 frá 1. júní 2018 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum um eiginfjárgrunn að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 137, 4.6.2018, bls. 3).

1. gr.

Þau 15 mánaða tímabil sem um getur í 2. mgr. 497. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og annarri undirgrein 5. mgr. a 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, sem síðast voru framlengd með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/815, eru framlengd um sex mánuði til viðbótar til 15. júní 2019.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. desember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

Fylgiskjal 5.**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1043**

frá 24. júní 2021

um framlengingu umbreytingarákvæðanna sem tengjast kröfum um eiginfjárgrunn að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfæriskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 497. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Til að komast hjá röskun á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og koma í veg fyrir að stofnunum með staðfestu í Sambandinu sé refsað með því að gera strangari kröfur til þeirra um eiginfjárgrunn á meðan viðurkenning á starfandi miðlægum mótaðilum þriðju lands er í ferli, er með 1. mgr. 497. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 komið á umbreytingartímabili þar sem stofnanir geta litið á áhættuskuldbindingar vegna þessara mótaðila þriðju lands sem áhættuskuldbindingar vegna fullgildra, miðlægra mótaðila.
- 2) Fyrir miðlæga mótaðila þriðja lands sem lögðu fram umsókn sína um viðurkenningu í samræmi við 6. mgr. 25. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 ⁽²⁾ fyrir 27. júní 2019, einkum alla miðlæga mótaðila þriðja lands sem enn biða viðurkenningar frá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni (ESMA), á umbreytingartímabilið að renna út 28. júní 2021.
- 3) Framkvæmdastjórnin hefur ekki enn samþykkt ákvarðanir í samræmi við 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 fyrir nokkur þeirra lögsagnarumdæma þar sem þessir miðlægu mótaðilar þriðja lands hafa staðfestu. Slíkar ákvarðanir eru forsenda þess að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin viðurkenni miðlæga mótaðila þriðja lands. Þar sem þessar ákvarðanir verða ekki samþykktar fyrir 28. júní 2021 mun Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ekki geta lokið viðurkenningarferli miðlægra mótaðila þriðja lands, sem biða viðurkenningar, fyrir þann dag.
- 4) Ef umbreytingartímabilið er ekki lengt munu stofnanir með staðfestu í Sambandinu, eða dótturfélög þeirra með staðfestu utan Sambandsins, sem hafa áhættuskuldbindingar vegna þessara miðlægu mótaðila þriðja lands, þurfa að auka eiginfjárgrunn sinn verulega vegna þessara áhættuskuldbindinga. Þetta gæti leitt til brotthvarfs þessara stofnana sem beinna þátttakenda í miðlægu mótaðilunum eða stöðvunar á veitingu stöðustofnunarþjónustu til viðskiptavina þessara stofnana, í það minnsta tímabundið, og þar með valdið mikilli röskun á þeim mörkuðum þar sem þessir miðlægu mótaðilar starfa. Því er nauðsynlegt að framlengja umbreytingarákvæðið í iii. lið b-liðar 1. mgr. 497. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 um 12 mánuði, til 28. júní 2022.
- 5) Framlenging umbreytingarákvæðisins myndi veita framkvæmdastjórninni tíma til að ljúka jafngildisúttektum sínum í samræmi við 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 og samþykkja jafngildisákvarðanir ef skilyrði þar um eru uppfyllt. Hún myndi einnig gefa Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni tíma til að viðurkenna viðkomandi miðlæga mótaðila þriðja lands. Ef framkvæmdastjórnin samþykkir ekki jákvæða jafngildisákvörðun myndi framlenging veita stofnununum tíma til að undirbúa sig á réttan hátt undir lok umbreytingartímabilsins sem kveðið er á um í 1. mgr. 497. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
- 6) Reglugerð þessi skal taka gildi frá og með fyrsta degi eftir að fyrirliggjandi umbreytingartímabil rennur út.
- 7) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit evrópsku bankanefndarinnar,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Umbreytingartímabilið sem um getur í iii. lið b-liðar 1. mgr. 497. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 er framlengt til 28. júní 2022.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 29. júní 2021.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1.⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjtið. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1).

Nr. 860

1. júlí 2022

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. júní 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
Ursula VON DER LEYEN
forseti.

B-deild – Útgáfudagur: 15. júlí 2022